

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

<b>2005/EES/38/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>1</b>
<b>2005/EES/38/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>3</b>
<b>2005/EES/38/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>6</b>
<b>2005/EES/38/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/38/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>10</b>
<b>2005/EES/38/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. . . . .	<b>12</b>
<b>2005/EES/38/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>13</b>
<b>2005/EES/38/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>14</b>
<b>2005/EES/38/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>15</b>
<b>2005/EES/38/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>16</b>
<b>2005/EES/38/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>17</b>

2005/EES/38/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	18
2005/EES/38/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	19
2005/EES/38/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. . . . .	20
2005/EES/38/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. . . . .	21
2005/EES/38/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) við EES-samninginn . . . . .	22
2005/EES/38/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	23
2005/EES/38/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn . . . . .	24
2005/EES/38/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á tilteknum viðaukum og tveimur bókunum við EES-samninginn . . . . .	26
2005/EES/38/20	Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem öðlast hafa gildi eftir að stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt samkvæmt 103. gr. EES-samningsins. . . . .	36
2005/EES/38/21	Leiðréttingar . . . . .	41

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 25/2005

2005/EES/38/01

frá 11. mars 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/158/EB frá 16. febrúar 2004 um breytingu á ákvörðun 92/216/EBE að því er varðar birtingu skrár yfir samræmingaryfirvöld <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97) í hluta 1.1:

„7b. **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“

2. Eftirfarandi bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/102/EBE) í hluta 1.1:

„, eins og henni var breytt með:

– **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“

3. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE) í hluta 2.2:

„, eins og henni var breytt með:

– **32004 D 0158**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/158/EB frá 16. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 50, 20.2.2004, bls. 62).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:

„– **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 21/2004 og ákvörðunar 2004/158/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegru EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 50, 20.2.2004, bls. 62.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 26/2005

2005/EES/38/02

frá 11. mars 2005

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/63/EB frá 23. desember 2003 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin héruð á Ítalíu séu laus við öldusótt í nautgripum og smitandi nautgripahvítblæði <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/101/EB frá 6. janúar 2004 um breytingu á viðauka D við tilskipun 88/407/EBE að því er varðar heilbrigðisvottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins með sæði húsdýra af nautgripakyni <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/199/EB frá 27. febrúar 2004 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á því að tiltekin héruð á Ítalíu séu opinberlega laus við öldusótt <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/226/EB frá 4. mars 2004 um að samþykkja prófanir til að greina mótefni gegn öldusótt í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/230/EB frá 5. mars 2004 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin héruð á Ítalíu séu laus við berkla og öldusótt í nautgripum <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB frá 4. mars 2004 um að heimila rannsóknarstofum að kanna árangur þess að bólusetja tiltekin húsdýr, sem eru kjötætur, gegn hundæði <sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/235/EB frá 1. mars 2004 um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna varphæna sem senda á til Finnlands og Svíþjóðar <sup>(8)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/252/EB frá 10. mars 2004 um breytingu á ákvörðun 2001/106/EB að því er varðar geymslustöðvar fyrir sæði nautgripa <sup>(9)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/315/EB frá 26. mars 2004 um viðurkenningu á kerfi eftirlitsneta fyrir nautgripabú sem komið er á fót í aðildarríkjum eða héruðum aðildarríkja samkvæmt tilskipun 64/432/EBE <sup>(10)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 11) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/320/EB frá 31. mars 2004 um breytingu á ákvörðunum 93/52/EBE, 2001/618/EB og 2003/467/EB varðandi stöðu inngönguríkja að því er varðar öldusótt (B. melitensis), Aujeszky-veiki (veirukláða í svínunum), smitandi nautgripahvítblæði og öldusótt og berkla í nautgripum og stöðu Frakklands að því er varðar Aujeszky-veiki <sup>(11)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 12) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/448/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun 2004/233/EB að því er varðar skrá yfir rannsóknarstofur sem heimilt er að kanna árangur þess að bólusetja tiltekin húsdýr, sem eru kjötætur, gegn hundæði <sup>(12)</sup> skal felld inn í samninginn með breytingum sem birtust í Stjtið. ESB L 193, 1.6.2004, bls. 64.
- 13) Ákvörðun þessi varðar ekki Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 13, 20.1.2004, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 30, 4.2.2004, bls. 15.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 64, 2.3.2004, bls. 41.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 36.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 70, 9.3.2004, bls. 41.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 30.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 72, 11.3.2004, bls. 86.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 79, 17.3.2004, bls. 45.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 43.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 75.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 155, 30.4.2004, bls. 80.

## 2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2004/63/EB, 2004/101/EB, 2004/199/EB, 2004/226/EB, 2004/230/EB, 2004/233/EB, 2004/235/EB, 2004/252/EB, 2004/315/EB, 2004/320/EB og 2004/448/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 193, 1.6.2004, bls. 64, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2005

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 4.1 og 6. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 8.1:  
„– **32004 D 0101**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/101/EB frá 6. janúar 2004 (Stjtið. ESB L 30, 4.2.2004, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) í hluta 4.2:  
„– **32004 D 0199**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/199/EB frá 27. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 64, 2.3.2004, bls. 41).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EBE) í hluta 4.2:  
„– **32004 D 0320**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/320/EB frá 31. mars 2004 (Stjtið. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 75).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 61. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/106/EB) í hluta 4.2:  
„– **32004 D 0252**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/252/EB frá 10. mars 2004 (Stjtið. ESB L 79, 17.3.2004, bls. 45).“
5. Eftirfarandi bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:  
„, eins og henni var breytt með:
  - **32004 D 0063**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/63/EB frá 23. desember 2003 (Stjtið. ESB L 13, 20.1.2004, bls. 32),
  - **32004 D 0230**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/230/EB frá 5. mars 2004 (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2004, bls. 41),
  - **32004 D 0320**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/320/EB frá 31. mars 2004 (Stjtið. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 75).“
6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 74. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/886/EB) í hluta 4.2:  
„75. **32004 D 0226**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/226/EB frá 4. mars 2004 um að samþykkja prófanir til að greina mótefni gegn öldusótt í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 36).  
76. **32004 D 0233**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB frá 4. mars 2004 um að heimila rannsóknarstofum að kanna árangur þess að bólusetja tiltekin húsdýr, sem eru kjötætur, gegn hundaeði (Stjtið. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 30), eins og henni var breytt með:
  - **32004 D 0448**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/448/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 155, 30.4.2004, bls. 80), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 193, 1.6.2004, bls. 64.  
77. **32004 D 0235**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/235/EB frá 1. mars 2004 um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna varphæna sem senda á til Finnlands og Svíþjóðar (Stjtið. ESB L 72, 11.3.2004, bls. 86).  
Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:  
Ákvæði þessarar ákvörðunar eiga við um sendingar til Noregs.  
78. **32004 D 0315**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/315/EB frá 26. mars 2004 um viðurkenningu á kerfi eftirlitsneta fyrir nautgripabú sem komið er á fót í aðildarríkjum eða héruðum aðildarríkja samkvæmt tilskipun 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 43).“
7. Texti 32. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/161/EB), 55. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/330/EB) og 62. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/296/EB) í hluta 4.2 falli brott.
8. Texti 53. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/544/EB) og 54. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/907/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2 falli brott.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 27/2005

2005/EES/38/03

frá 11. mars 2005

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/328/EB frá 5. apríl 2004 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/373/EB frá 13. apríl 2004 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í fiskeldistegundum <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1 gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:

„– **32004 D 0373**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/373/EB frá 13. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 49).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 78. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/315/EB) í hluta 4.2:

„79. **32004 D 0453**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í fiskeldistegundum (Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4.

Þessi gerð varðar einnig Ísland.“

3. Texti 13. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/44/EBE) í hluta 4.2. falli brott.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 4.2:

„– **32004 D 0328**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/328/EB frá 5. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 129).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/328/EB, 2004/373/EB og 2004/453/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 129.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 49.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 28/2005**

2005/EES/38/04

frá 11. mars 2005

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 852/2003) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„1zs. **32004 R 1259**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8).

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1332/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1465/2004 frá 17. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri <sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.

1zt. **32004 R 1288**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10).

1zu. **32004 R 1332**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1332/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8).

1zv. **32004 R 1333**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 frá 20. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11).

1zw. **32004 R 1453**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3).

1zx. **32004 R 1465**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1465/2004 frá 17. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1259/2004, 1288/2004, 1332/2004, 1333/2004, 1453/2004 og 1465/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.  
 (<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8.  
 (<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10.  
 (<sup>4</sup>) Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8.  
 (<sup>5</sup>) Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11.  
 (<sup>6</sup>) Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3.  
 (<sup>7</sup>) Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 11.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 29/2005**

2005/EES/38/05

frá 11. mars 2005

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 frá 14. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Deccox®, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2004 frá 26. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Elancoban, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1455/2004 frá 16. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Avatec 15%, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Sacox 120 microGranulate, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1464/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Monteban, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1465/2004) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zy. **32004 R 1289**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 frá 14. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Deccox®, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

1zz. **32004 R 1356**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2004 frá 26. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Elancoban, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 251, 27.7.2004, bls. 6).

1zza. **32004 R 1455**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1455/2004 frá 16. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Avatec 15%, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 14).

1zzb. **32004 R 1463**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Sacox 120 microGranulate, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 5).

1zzc. **32004 R 1464**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1464/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fœðri aukefnið Monteban, sem er í floknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1289/2004, 1356/2004, 1455/2004, 1463/2004 og 1464/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 251, 27.7.2004, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 14.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 5.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 30/2005****2005/EES/38/06****frá 11. mars 2005****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2004 frá 3. desember 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/626/EB frá 26. ágúst 2004 um breytingu á ákvörðun 98/320/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/320/EB) í III. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32004 D 0626**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/626/EB frá 26. ágúst 2004 (Stjtið. ESB L 283, 2.9.2004, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/626/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 26.5.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 283, 2.9.2004, bls. 16.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 31/2005

2005/EES/38/07

frá 11. mars 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Lítháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2004/22/EB falla úr gildi hinn 30. október 2006 tilskipanir ráðsins 71/318/EEC <sup>(3)</sup>, 71/319/EEC <sup>(4)</sup>, 71/348/EEC <sup>(5)</sup>, 73/362/EEC <sup>(6)</sup>, 75/410/EEC <sup>(7)</sup>, 76/891/EEC <sup>(8)</sup>, 77/95/EEC <sup>(9)</sup>, 77/313/EEC <sup>(10)</sup>, 78/1031/EEC <sup>(11)</sup> og 79/830/EEC <sup>(12)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

IX. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 27a (tilskipun ráðsins 93/42/EBE):

„27b. **32004 L 0022:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (Stjtið. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1).“

2. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 71/318/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 71/319/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 71/348/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 73/362/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 75/410/EBE), 19. liðar (tilskipun ráðsins 76/891/EBE), 20. liðar (tilskipun ráðsins 77/95/EBE), 21. liðar (tilskipun ráðsins 77/313/EBE), 22. liðar (tilskipun ráðsins 78/1031/EBE) og 23. liðar (tilskipun ráðsins 79/830/EBE) falli brott hinn 30. október 2006.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/22/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 202, 6.9.1971, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 202, 6.9.1971, bls. 32.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 239, 25.10.1971, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 335, 5.12.1973, bls. 56.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 183, 14.7.1975, bls. 25.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 336, 4.12.1976, bls. 30.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 59.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 105, 28.4.1977, bls. 18.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 364, 27.12.1978, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Stjtið. EB L 259, 15.10.1979, bls. 1.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 32/2005****2005/EES/38/08****frá 11. mars 2005****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 7/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15u (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15v. **32004 L 0033**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta (Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/33/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 25.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 33/2005****2005/EES/38/09****frá 11. mars 2005****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

*1. gr.*

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„– **32004 L 0096**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/96/EB frá 27. september 2004 (Stjtið. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 51),

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2004 frá 3. desember 2004 <sup>(1)</sup>.

– **32004 L 0098**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/98/EB frá 30. september 2004 (Stjtið. ESB L 305, 1.10.2004, bls. 63).“

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/96/EB frá 27. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmörkun á markaðssetningu og notkun nikkels í byrjunarlokka og pinna fyrir húðgötun, með tilliti til aðlögunar I. viðauka við tilskipunina að tækniframförum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/96/EB og 2004/98/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/98/EB frá 30. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE að því er varðar takmörkun á markaðssetningu og notkun pentabromdífenýletra í neyðarrýmingarkerfi loftfara, með tilliti til aðlögunar 1. viðauka við tilskipunina að tækniframförum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 51.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 305, 1.10.2004, bls. 63.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 34/2005

2005/EES/38/10

frá 11. mars 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2004 frá 3. desember 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/9/EB frá 11. febrúar 2004 um skoðun og sannprófun á góðum starfsvenjum við rannsóknir <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Samkvæmt tilskipun 2004/9/EB fellur tilskipun ráðsins 88/320/EBE <sup>(4)</sup> úr gildi, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 5) Samkvæmt tilskipun 2004/10/EB fellur tilskipun ráðsins 87/18/EBE <sup>(5)</sup> úr gildi, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað texta 8. liðar (tilskipun ráðsins 87/18/EBE) komi eftirfarandi:

